

Nd.

#### 68. Frumvarp

til laga um rjett kvenna til að njóta kennslu á menntunarstofnunum landsins og um aðgang þeirra að embættum. Flutningsmenn: Ólafur Ólafsson og Skúli Thoroddsen.

1. gr. Konum er heimilt með sömu skilmálum og körlum að njóta kennslu og ganga undir burtfararpróf hins lærða skóla í Reykjavík.

2. gr. Konur eiga enn fremur rjett á að njóta kennslu á prestaskólanum og læknaskólanum í Reykjavík og öðrum menntunarstofnunum, er stofnaðar kunna að verða, ef þær fullnægja skilyrðum þeim, er um karlmenn eru sett í því efni. Rjett er þeim og, að ganga undir burtfararpróf við skóla þessa með sömu skilyrðum og karlmenn.

3. gr. Konur hafa allan sama rjett sem karlmenn til að njóta góðs af styrktarfe því, sem lagt er menntunarstofnunum þeim, er getur um í lögum þessum, nema öðruvísi sje sjerstaklega ákveðið.

4. gr. Með því að ganga undir próf þau, er getur um í lögum þessum, öðlast konur aðgang að embættum landsins með sömu skilyrðum sem karlmenn.

5. gr. Með lögum þessum er tilskipun nr. 27. 4. desbr. 1886 úr gildi felld sem og aðrar ákvarðanir, er koma í bága við lög þessi.